



Til fræðslufirvalda og leikskólastjóra

Reykjavík, 18. janúar 2021

Stuðningur við starfsfólk leikskóla með erlendan bakgrunn

Hópur hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands er að vinna að verkefni sem hefur það markmið að auka tengsl milli kennara Háskóla Íslands og starfsfólks í leikskólum. Verkefnið gæti orðið hvatning fyrir starfsfólk leikskóla af erlendum uppruna til frekara náms.

Markmið verkefnisins er að kortleggja þarfir starfsfólks leikskóla með erlendan bakgrunn fyrir íslenskukennslu og fræðslu um leikskólastarf. Við leitum því til fræðslufirvalda sveitarfélaga með það fyrir augum að skipuleggja kynningarfund fyrir leikskólastjóra um þarfir starfsfólks leikskóla fyrir íslenskukennslu og um leikskólastarf.

Tvö verkefni eru nú þegar hafin við Menntavísindasvið fyrir starfsfólk leikskóla með erlendan bakgrunn. Annars vegar er um að ræða *Fagháskólanám* sem ætlað er starfsfólki leikskóla sem uppfyllir ekki inntökuskilyrði í háskólanám. Fagháskólanám er unnið í samstarfi við Keili og byggir á miklum stuðningi við nemendur, sem næst heimabyggð.

Þá má nefna verkefnið *Samtal um fagið* sem er stuðningur við leikskólakennaranema sem hafa annað móðurmál en íslensku. Bæði verkefni viljum við gjarnan fá tækifæri til að kynna fyrir fræðslufirvöldum, leikskólastjórum og starfsfólki leikskóla víða um land.

Við værum þakklát ef fræðslufirvöld og leikskólastjórar í þínu sveitarfélagi vildu vera þátttakendur í samtali um leiðir til að styðja við fagmennsku í leikskólastarfi og þá sérstaklega í tengslum við erlent starfsfólk. Þátttakan felst í samtali í formi fjarfundar við fulltrúa okkar um málefnið með áherslu á þarfir starfsfólks leikskóla með erlendan bakgrunn fyrir fræðslu um leikskólastarf. Samtalið tekur um klukkustund og getur farið fram í febrúar/mars.

Með von um að heyra frá ykkur um hentugan tíma til samtals. Vinsamlega sendið tillögu að tíma í tölvupósti á Artëm Ingmar Benediktsson artem@hi.is.

Með von um jákvæðar undirtektir,
Artëm, Ania, Anna Magnea, Renata, Susan og Kristín